

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

***Tillaga Vegagerðarinnar um lækkun leyfilegs hámarkshraða á Bústaðavegi frá Kapellutorgi að Snorrabraut.***

Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar hefur borist hjálögð tillaga Vegagerðarinnar, dags. 10. febrúar sl. en móttakin 4. mars sl., um lækkun á leyfilegum hámarkshraða á Bústaðavegi frá Kapellutorgi að Snorrabraut, úr 60 kílómetra hraða á klukkustund í 50 kílómetra hraða á klukkustund.

Í samræmi við 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, skal hámarkshraði á þjóðvegum í þéttbýli ákveðinn af Vegagerðinni, að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og lögreglu. Með vísan til viðauka 1.1. um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, er erindið framsent skipulags- og samgönguráði til afgreiðslu.

Vakin er athygli á því að skipulags- og samgönguráð samþykkti þann 5. maí 2021 tillögu Vegagerðarinnar um lækkun leyfilegs hámarkshraða á Bústaðavegi milli Kapellutorgs og brúar yfir Kringlumýrarbraut.

Með vísan til þeirra forsendna sem fram koma í erindinu, er lagt til að tillaga Vegagerðarinnar verði samþykkt.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*starfandi samgöngustjóri*

Hjálagt:

1. Tillaga Vegagerðarinnar, dags. 10. febrúar 2022.

**Reykjavíkurborg**

{ [thorsteinnrh@reykjavik.is](mailto:thorsteinnrh@reykjavik.is) / usk@reykjavik.is }

**Til samþykktar: Tillaga Vegagerðarinnar um lækkun hámarkshraða á Bústaðavegi frá Kapellutorgi að Snorrabraut**

Með vísan til 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 varðandi „Sérákvæði um notkun vega, hraðamörk o.fl.“ sendi ég undirritaður hér með til samþykktar hjá Reykjavíkurborg og lögreglu á höfuðborgarsvæðinu tillögu vegapjónustudeildar þjónustusviðs Vegagerðarinnar um lækkun hámarkshraða á Bústaðavegi (418). Sjá viðhengi. Um er að ræða lækkun hámarkshraða frá stöð 520 vestan Kapellutorgs að Snorrabraut.

Tillagan er gerð að beiðni Höfuðborgarsvæðis Vegagerðarinnar. Helstu rök fyrir lækkuninni eru eftirfarandi samkvæmt minnisblaði Katrínu Halldórsdóttur hjá Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar, dags. 02.12.2021. Sjá viðhengi.

„Frá Kapellutorgi að Snorrabraut liggur Bústaðavegur um íbúðasvæði og íþróttasvæði á Hlíðarenda. Vestan Bústaðavegar eru göngu- og hjólastígar og útivistarsvæði við Öskjuhlíð. Töluverð umferð óvarinna vegfarenda er í grennd við veginn, sér í lagi börn við íþróttasvæði á Hlíðarenda. Við Litluhlíð er ein þverun í plani fyrir óvarða vegfarendur, á ljósum yfir Bústaðaveg.“

Það telst nauðsynleg umferðaröryggisráðstöfun að lækka hámarkshraða á þessum kafla úr 60 km/klst. í 50 km/klst.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Guðmundur Ragnarsson  
Verkefnisstjóri  
Vegapjónustudeild

Undirskrift

-----  
Síða 1/1

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is



## **Tillaga vegþjónustudeildar þjónustusviðs Vegagerðarinnar um lækkun hámarkshraða á Bústaðavegi 418-01 frá stöð 520 vestan Kapellutorgs að stöð 1800 við Snorrabraut**

Meðfylgjandi er tillaga vegþjónustudeildar þjónustusviðs Vegagerðarinnar um lækkun hámarkshraða á Bústaðavegi 418-01 frá Kapellutorgi að Snorrabraut. Um er að ræða lækkun hámarkshraða úr 60 km/klst. í 50 km/klst. frá stöð 520 vestan Kapellutorgs að stöð 1800 við Snorrabraut. Við þessa aðgerð verður sami umferðarhraði, 50 km/klst., á öllum Bústaðaveginum frá Reykjanesbraut að Snorrabraut.

Merkingar í dag eru með þeim hætti að frá stöð 520 að stöð 1340 er 60 km hámarkshraði á leið til vesturs. Frá stöð 1340 að Snorrabraut er 50 km/klst. Frá Snorrabraut að stöð 1490 til austurs gildir lögbundinn hámarkshraði í þéttbýli sem er 50 km/klst. (engar merkingar). Frá stöð 1490 að stöð 520 við Kapellutorg er 60 km/klst. Það er því ekki sami hámarkshraði á báðum akreinum frá stöð 1340 og að stöð 1490 sem er mjög óæskilegt m.t.t. hraðaefirlits og rafrænnar skráningar vegarins fyrir leiðsögutæki en það kerfi ræður aðeins við einn hámarkshraða.

Tillagan er gerð að beiðni höfuðborgarsvæðis Vegagerðarinnar. Helstu rök fyrir lækkuninni koma fram á minnisblaði frá Höfuðborgarsvæði, Katrínu Halldórsdóttur dags. 02.12.2021, sjá viðhengi, og eru eftirfarandi:

Lega Bústaðavegar um íbúða- og íþróttasvæði á Hlíðarenda. Vestan Bústaðavegar eru göngu- og hjólastígar og útivistarsvæði við Öskjuhlíð. Töluverð umferð óvarinna vegfarenda er í grennd við veginn, sér í lagi börn við íþróttasvæði á Hlíðarenda. Við Litluhlíð er þverun í plani fyrir óvarða vegfarendur, á ljósum yfir Bústaðaveg.

Vegagerðin telur það nauðsynlega umferðaröryggisráðstöfun að lækka hámarkshraða á þessum kafla úr 60 km/klst. í 50 km/klst.

Tillagan hefur fengið umfjöllun umferðardeildar og höfuðborgarsvæðis Vegagerðarinnar án athugasemda.

Þegar fyrir liggur samþykki framkvæmdastjóra þjónustusviðs Vegagerðarinnar verður þessi tillaga send viðkomandi sveitarfélagi og lögregluþvöldum til endanlegrar samþykktar.


Mars 2022

Guðmundur Ragnarsson  
Verkefnastjóri  
Vegþjónustudeild
















**Mynd 8.**  
Ljósastaur í stöð 1130. Fjarlægja B26.60.  
Endurnýja A23.11 og setja undirmerki  
J01.11 (200 m)



**Mynd 9.**  
Ljósastaur í stöð 1340. Endurnýja öll  
þessi merki. B26.50, B03.41 ásamt  
undirmerki





**Mynd 10.**  
Ljósastaur í stöð 1560. Fjarlægja B26.50



**Mynd 11.**  
Ljósastaur í stöð 1640. Setja B26.50 á þennan staur ef hann er í lagi.







**Umfjöllun umferðardeildar:**

Tp. 23.12.2021

„Umferðardeild styður þá tillögu um hraðalækkun á Bústaðavegi sem lögð er fram og telur hana stuðla að auknu umferðaröryggi.“.

**Umfjöllun Höfuðborgarsvæðis:**

Tp. 14.12.2021

„Ég er samþykkt þessum breytingum á hámarkshraða á Bústaðavegi“.

**Samþykki framkvæmdastjóra þjónustusviðs Vegagerðarinnar:**

Tp. 03.03.2022

„Framkvæmdarstjóri Þjónustusviðs hefur farið yfir tillögu um lækkun á hámarkshraða á Bústaðavegi 418-01 frá stöð 520 vestan Kapellutorgs að stöð 1800 við Snorrabraut.

Tillagan er vel ígrunduð og til þess fallin að samræma hámarkshraða, auðveld vegfarendum að skynja og vita réttan hámarkshraða. Breytingin stuðlar að auknu umferðaröryggi.

Samþykkt er að senda tillöguna til sveitarfélagsins og lögreglu til endanlegrar samþykktar.“





**Minnisblað:** Lækkun leyfilegs hámarkshraða á Bústaðavegi, frá Kapellutorgi að Snorrabraut.

Óskað er eftir lækkun á leyfilegum hámarkshraða á Bústaðavegi, frá Kapellutorgi (stöð 520) að Snorrabraut (stöð 1800). Um er að ræða lækkun hámarkshraða úr 60 km/klst. í 50 km/klst. Leyfilegur hámarkshraði Bústaðavegar er 50 km/klst. frá Reykjanesbraut rétt vestur við Kapellutorg (stöð 520). Frá Kapellutorgi að Snorrabraut liggur Bústaðavegur um íbúðasvæði og íþróttasvæði á Hlíðarenda. Vestan Bústaðavegar eru göngu- og hjólastígar og útivistarsvæði við Öskjuhlíð. Töluverð umferð óvarinna vegfarenda er í grennd við veginn, sér í lagi börn við íþróttasvæði á Hlíðarenda. Við Litluhlíð er ein þverun í plani fyrir óvarða vegfarendur, á ljósum yfir Bústaðaveg. Óskað er eftir að leyfilegur hámarkshraði við Bústaðaveg verði lækkaður í 50 km/klst. í samræmi við leyfilegan hámarkshraða á Bústaðavegi austan Kapellutorgs og með tilliti til nálægðar við íbúðabyggð, íþróttasvæði og útivistarsvæði og tilheyrandi umferðar óvarinna vegfarenda.

02.12.2021

F.h. Höfuðborgarsvæðis Vegagerðarinnar,

Katrín Halldórsdóttir